

**Stjórnarfundur Almannaþingar
haldinn í fundarsal stjórnsýsluhúss Norðurþings Húsavíkur
þriðjudaginn 26. september 2017 kl. 13:00**

Mætt voru til fundar: Halla Bergþóra Björnsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Dagbjört Jónsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Steinþór Heiðarsson,

Einnig sátu fundinn : Kristján Kristjánsson, Jóhannes Sigfússon, Grímur Kárason, Bjarni Höskuldsson, Þórarinn Þórisson, Reinhard Reynisson.

Gestir á fundinum voru: Kristín Jónsdóttir frá Veðurstofunni, Íris Baldursdóttir og Ragnar Guðmannsson frá Landsneti.

Fjarverandi: Elías Pétursson, Sigurður Þ Guðmundsson.

Dagskrá:

1. Fræðsluerindi frá Veðurstofu og Landsneti
2. Fjárhagsáætlun 2018 + 3ja ára áætlun
3. Bréf frá bjsv. Hafliða
4. Önnur mál

Afgreiðslur og umræður á fundi:

Halla Bergþóra formaður setti fund og bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Kristín Jónsdóttir fagstjóri náttúruvörvöktunar á Veðurstofunni hóf fyrirlestur sinn á því að fara yfir þá starfsemi Veðurstofunnar sem snýr að jarðværeftiliti, vöktun og því samstarfi sem Veðurstofan á við hina ýmsu aðila vegna þessara starfa. Kristín fór yfir þá atburði sem hafa orðið á svæði nefndarinnar undanfarin ár, jarðskjálftahrinuna 2012 -2013, jarðhræringarnar í Bárðarbungu og gosið í Holuhrauni. Fram kom hjá henni að álitnið sé að um 1/3 þeirra kviku sem kom upp í gosinu hafi nú þegar safnast fyrir í Bárðarbungu öskjunni aftur og að stöðugt flæddi kvika inn í öskjuna sem lyfti að því er virtist án vandræða íshellunni sem skýrðist væntanlega af því veggir hennar hefðu slípast til þegar hún seig í elds umbrotunum 2014 – 2015. Nokkrar spurningar komu frá nefndarmönnum sem Kristín svaraði.
2. Íris Baldursdóttir framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarsviðs og Ragnar Guðmannsson forstöðumaður stjórnstöðvar hjá Landsneti fóru yfir starfsemi Landsnets, m.a. ástand dreifikerfa og flutningslína á landinu öllu. Þau fóru einnig yfir þá möguleika sem væru að skapast með tilkomu Þeistareykjalínu að Bakka við Húsavík. Nefndarmenn lístu áhyggjum sínum af því brothætta flutningskerfi sem er á svæði nefndarinnar, og spurðu hvort einhverjar ráðstafanir væru fyrirskrifaðar hjá Landsneti varðandi varaafli fyrir svæðið. Íris svaraði því til að verið væri að kortleggja staðsetningu varaafliþúnaðar og leggja línur í því hvar slíkur þúnaður þyrfti að vera með tilliti til vegalengda að brothættum svæðum.
3. Fjárhagsáætlun 2018 + 3ja ára starfsáætlun sem nefndarmenn höfðu fengið senda með fundarboði var lögð fram á fundinum. Á starfsárinu 2018 er gert ráð fyrir einni verklegri æfingu en að öðru leiti er áætlunin nánast óbreytt frá líðandi rekstrarári að viðbættum verðlagsbreytingum. Nefndin samþykkir áætlunina og vísar henni til afgreiðslu í Héraðsnefnd.
4. Bréf frá bjsv. Hafliða á Þórshöfn vegna styrks til kaupa á björgunarbúnaði í hópslysakerru sem verið er að koma upp á Þórshöfn. Nefndin getur því miður ekki orðið við beiðninni þar sem fjármunir hennar á hverju rekstrarári rétt duga fyrir þeim fasta rekstrarkostnaði sem starf nefndarinnar snýst um.
5. Önnur mál. Engin óskaði eftir því að koma framfæri öðrum málum

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45